

51. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 04.06 2013, kl. 13.30

Mættir til fundar allir aðalmenn sveitarstjórnar : Gunnþórunn Ingólfadóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Lárus Heiðarsson. Þorvarður Ingimarsson tafðist við smölun fjár úr sjálfheldu, en mætti kl 14.20.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Oddviti óskaði eftir að fá að bæta við einum dagskrárlið sem hafði dottið út af dagskrá. Þannig að 11. dagskrárliður verður kosning oddvita og varaoddvita til eins árs og önnur mál færast aftur um einn lið og verður dagskrárliður 12. Samþykkt. Einnig var samþykkt að breyta röð dagskrárliða þannig að allir sveitarstjórnarmenn verði mættir við umfjöllun og afgreiðslu ársreiknings og innkaupareglna.

Dagskrá

1. **Skýrsla oddvita**
2. **Samtök orkusveitarfélaga**, drög að stefnumörkun til umsagnar aðildarsveitarfélaga
3. **Bréf**
 - a) Skógrækt ríkisins dags. 24.05
 - b) Innanríkisráðuneytið dags. 07.05
 - c) Umhverfisstofnun dags. 08.05
 - d) Vegagerðin dags. 08.05
 - e) Sigurður Gunnarsson og Unnar Elísson dags. 19.05
 - f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 29.05
4. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2012, önnur umræða**
5. **Innkaupareglur Fljótsdalshrepps, fyrri umræða**
6. **Fjallaskarð**
7. **Hallormsstaðaskóli**
8. **Fjárbeiðnir**

ÚÍA, Tour de Orminn
9. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Anna Bryndís og Hallgrímur, Brekku, ósk um breytingu á fyrri umsókn
 - b) Andrés Einarsson, Bessastöðum, frestuð umsókn 05.03 2013
 - c) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt

10. Fundargerðir

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.05
- b) Samgöngunefnd SSA 15.05
- c) Samstarfsnefnd SSA 15.05
- d) Félagsmálanefnd 18.02-18.03-22.04-21.05
- e) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 23.05

11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Alda –félag um sjálfbærni og lýðræði hvetur sveitarfélög til að tryggja grasrótar- og félagasamtökum húsnæði. Félagsheimilið Végarður gegnir því hlutverki í Fljótsdalshreppi.

Skipulagsstofnun hefur tilkynnt um breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð.

Lárus Heiðarsson sat fyrir hönd Fljótsdalshrepps fund á Egilsstöðum um þjóðlendumál 15.05. Fjallað var um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá, stofnun lóða innan þjóðlendna o.fl. auk kynningar á reglugerðardrögum um meðferð og nýtingu þjóðlendna og drögum að starfsreglum fyrir samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna .

Orkusetur vinnur áfram að verkefni um orkusparnað í hitun íbúðarhúsa í Fljótsdal og áætlað að með haustinu verði lagðar fram tillögur um aðgerðir.

Umhverfis-og auðlindaráðuneyti hvetur sveitarfélög til að efna til viðburða á Degi íslenskrar náttúru 16. september og að beina þann dag sjónum að náttúrperlum , fólksvöngum eða friðlýstum svæðum innan sveitarfélaganna.

Aðalfundur Hagmunasamtaka heimilanna 15.05 2013, skorar á sveitarstjórnir á landsvísu að stemma stigu við nauðungarsölum sýslumanna í ljósi vafa um lögmæti slíkra aðgerða og starfsmenn sveitarfélaga eru hvattir til að gæta hófs í kröfufýsingum á hendur einstaklingum og fjölskyldum vegna vangoldinna opinberra gjalda.

LV hefur sent Fljótsdalshreppi skýrsluna LV-2012-059, Kárahnjúkavirkjun, fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2012

- 2. Samtök orkusveitarfélaga, drög að stefnumörkun til umsagnar aðildarsveitarfélaga.** Sveitarstjórn lýsir sig hlynnta stefnumörkunum stjórnar sem fram koma í drögum sem bárust sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 28.5.2013.

3. Bréf

- a) Skógrækt ríkisins dags. 24.05. Svar við bréfi Fljótsdalshrepps um afmörkun Gilsárdals á Náttúruminjaskrá. Skógrækt ríkisins er sammála Fljótsdalshreppi í því að krefjast þess að fá mörkum Gilsársvæðisins breytt svo að einungis sjálf gilið og eyrar þar fyrir neðan verði á náttúruminkaskrá. Formleg afstaða Fljótsdalshéraðs til málsins hefur ekki borist sveitarstjórn.
- b) Innanríkisráðuneytið dags. 07.05. Kynnt, varðar síðbúin skil ársreiknings.
- c) Umhverfisstofnun dags. 08.05. Kynnt, varðar viðmiðunartaxta vegna minkaveiða. Í bréfi Umhverfisstofnunar kemur fram að á fjárlögum er fjármagn ætlað til refaveiða, en óljóst enn með hvaða hætti því verður úthlutað til sveitarfélaga.
- d) Vegagerðin dags. 08.05. Kynnt, varðar viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu.

Þorvarður mætti til fundar.

- e) Sigurður Gunnarsson og Unnar Elísson dags. 19.05. Varðar hugmyndir um uppbyggingu hálendisvegur norður um Vatnajökul, ósk um stuðning í formi yfirlýsinga og fjárframlags. Sveitarstjórn tekur jákvætt í hugmyndir um uppbyggingu þjóðbrautar, en mun ekki styðja verkefnið fjárhagslega að sinni.
- f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 29.05. Aðalfundur sjóðsins verður haldinn á Egilsstöðum 10.júní 2013 kl. 14:00. Oddviti verður fulltrúi Fljótsdalshrepps.

4. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2012, önnur umræða.

Gerð ársreiknings sveitarfélagsins tafðist m.a.vegna forfalla endurskoðanda og barneignafríis bókhaldara, en sveitarfélög eiga að hafa lokið afgreiðslu ársreiknings 15.maí. Ársreikningur er í nokkuð góðu samræmi við fjárhagsáætlun, en liðir innri leigu samgöngumannvirkja og afskriftir voru vanáætlaðir, auk innra láns sveitarfélagsins. Vanáætlaðar afskriftir skýra að stærstum hluta mismun rekstrarniðurstöðu ársreiknings og fjárhagsáætlunar. Endurskoðandi Fljótsdalshrepps mætti á fund sveitarstjórnar við fyrri umræðu og fór þar yfir helstu atriði ársreikningsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru skoðunarmenn sveitafélagsins ekki lengur til staðar, en endurskoðandi skoðar bókhald, utanumhald fjármuna og aðra þætti er snúa að ársuppgjöri og skilar endurskoðunarskýrslu. Endurskoðandi bendir á að eignfærsla stofnframlaga í ýmsum samstarfsverkefnum sveitarfélaga, að upphæð um 3 millj kr, sem eignfærð voru fyrir nokkrum árum sé vafasöm og yfirleitt beri að gjaldfæra slík framlög, ekki er þó hróflað við þeim að þessu sinni. Í endurskoðunarskýrslunni er vakin athygli á að sökum fárra starfsmanna er aðgreining starfa við bókhald og fjárreiður vart nægilega skilvirk. Sveitarstjórn hefur brugðist við ábendingum um það, með því að sveitarstjórnarmenn skipta með sér verkum við að árita reikninga og hefur sá háttur verið hafður á sl. tvö ár.

Eftir umræður um ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu bar oddviti ársreikning Fljótsdalshrepps fyrir árið 2012 upp og var hann samþykktur samhljóða og undirritaður.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótsdalshrepps 2012, í þús. kr:

Rekstrartekjur A og B hluta	150.196,-
Rekstrargjöld A og B hluta	131.323,-
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	18.873,-
Afskriftir A og B hluta	28.156,-
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (9.283,-)	
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	1.800,-
Rekstrarniðurstaða	(7.483,-)
Eignir samtals	891.697,-
Skuldir og skuldbindingar samtals	63.302,-
Handbært fé í árslok	98.839,-

- 5. Innkaupareglur Fljótsdalshrepps, fyrri umræða.** Oddviti kynnti drög að innkaupareglum fyrir Fljótsdalshrepp. Reglurnar ræddar og að því loknu vísað til annarrar umræðu.
- 6. Fjallaskarð.** Miðás smíðar eldhúsinnréttingu í húsið og rafstöð verður keypt notuð. Verkfundur verður haldinn í næstu viku.
- 7. Hallormsstaðaskóli.** Skipaður hefur verið 3 manna starfshópur um framtíðarfyrirkomulag skólastarfs á Hallormsstað. Starfshópnum er ætlað að greina stöðu framtíðarhorfur og valkosti varðandi skólastarf á Hallormsstað. Starfshópin skipa Gunnhildur Ingvarsdóttir formaður skólanefndar, Sigrúnu Blöndal tilnefnd af Fljótsdalshéraði og Lárusi Heiðarssyni fulltrúa Fljótsdalshrepps. Starfshópurinn kemur saman til fyrsta fundar 6.6.2013.
- 8. Fjárbeiðnir.** Frá ÚÍA vegna Tour de Orminn. Samþykkt að styrkja keppnina um 50.000 kr.

9. Umhverfisstyrkir

Jóhann vikur af fundi vegna vanhæfis

- d) Anna Bryndís og Hallgrímur, Brekku, ósk um breytingu á fyrri umsókn. Samþykkt.

Jóhann kom aftur til fundar

- e) Andrés Einarsson, Bessastöðum, frestuð umsókn 05.03 2013. Umsækjandi á ekki rétt á styrk í verkefnið annarsstaðar frá. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis

- f) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður kom aftur til fundar

10. Fundargerðir

- f) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.05. Kynnt.
- g) Samgöngunefnd SSA 15.05. Kynnt. Í gögnum frá Vegagerðinni sem fjalla m.a. um samgönguáætlun næstu ára, er gert ráð fyrir fé til framkvæmda á vegi frá Geitagerði að Skeggjastöðum alls á 5,5 km kafla, árið 2014.
- h) Samstarfsnefnd SSA 15.05. Kynnt.
- i) Félagsmálanefnd 18.02-18.03-22.04-21.05. Kynnt.
- j) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 23.05. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar varðandi dagskrárlíð 1. Skriðuklaustur. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs. Gunnþórunn Ingólfsdóttir, kosin oddviti til eins árs og Jóhann Þórhallsson, varaoddviti til eins árs.

12. Önnur mál

Fyrirhugaður er íbúafundur í júnímánuði vegna endurskoðunar aðalskipulags.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.
